

Nd.

352. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1948 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkvæmt lögum nr. 121 1947, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkvæmt 1. lið 3. kafla greindra laga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra og gerir ráð fyrir, að endurnýjuð verði heimild sú, er ríkisstjórninni var gefin með lögum nr. 26 1947. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundið atkvæði um frumvarpið.